

679/2018

ÁFRÝJUNARSTEFNA

LANDSRÉTTUR GERIR KUNNUGT:

Réttinum hefur tjáð Óskar Sigurðsson, lögmaður, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Jakobs Más Ásmundssonar, kt. 200275-3499, og Guðbjargar Hrannar Óskarsdóttur, kt. 210875-5659, bæði til heimilis að Hamarsbraut 8, Hafnarfirði, og Sigrúnar Arnardóttur, kt. 311281-5269, og Sölva Sveinbjörnssonar, kt. 091075-4669, bæði til heimilis að Hamarsbraut 6, Hafnarfirði, að áfrýja til Landsréttar dómi Héraðsdóms Reykjaness sem kveðinn var upp 24. júlí 2018 í málinu nr. E-1091/2017:

**Jakob Már Ásmundsson, Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir,
Sigrún Arnardóttir og Sölvi Sveinbjörnsson
gegn
Hafnarfjarðarkaupstað og
Gunnari Hjaltalín**

Málflutningsumboð:

Óskar Sigurðsson, lögmaður, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd áfrýjenda.

Stefndu:

Í máli þessu er stefnt Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 291165-3899, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði, f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, og Gunnari Hjaltalín, kt. 080646-4109, Sævangi 44, Hafnarfirði, til ógildingar á deiliskipulagi og byggingarleyfi.

Kröfugerð áfrýjenda:

Áfrýjendurnir Jakob Már og Guðbjörg Hrönn annars vegar og Sigrún og Sölvi hins vegar kveðast fyrir Landsrétti, hvort um sig, gera þær kröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig:

Að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 9. nóvember 2016 um að samþykkja breytingu á deiliskipulaginu *Suðurgata-Hamarsbraut* frá 2011, fyrir lóðirnar Hellubraut 5 og Hellubraut 7, sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 31. janúar 2017.

Að felldar verði úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 23. ágúst 2017, um að samþykkja umsóknir um byggingarleyfi að Hellubraut 5 og 7.

Þá krefjast áfrýjendurnir Jakob Már og Guðbjörg Hrönn annars vegar og Sigrún og Sölvi hins vegar, hvort um sig, í öllum tilvikum málskostnaðar fyrir héraði og Landsrétti að skaðlausu úr hendi stefndu að óskiptu að teknu tilliti til skyldu þeirra til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Tilgangur áfrýjunar:

Ofangreindum héraðsdómi er áfrýjað í því skyni að fá hnekkt þeirri niðurstöðu hans að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda og dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar.

Áfrýjendur byggja á því að skilyrði séu fyrir hendi að taka kröfur þeirra til greina en áfrýjendur byggja einkum á því að Minjastofnun hafi verið heimilt að binda stjórnvaldsákvörðun um að heimila endurbyggingu hússins að Hellubraut 7 skilyrðum án sérstakar lagaheimildar þar um, sbr. 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, og að óheimilt hafi verið að hækka nýtingarhlutfall að Hellubraut 5 um 18% og Hellubraut 7 um 40% með breytingu á deiliskipulaginu *Suðurgata Hamarsbraut* frá 2011 sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 31. janúar 2017. Þá er áfrýjað til að fá niðurstöðu héraðsdóms um málskostnað hnekkt og gerð krafa um að hann verið dæmdur áfrýjendum til handa úr hendi stefndu að óskiptu, sem og málkostnaður fyrir Landsrétti.

Nánari grein verður gerð fyrir málsástæðum og lagarökum áfrýjenda í greinargerð þeirra til Landsréttar, sbr. 156. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Tilkynning stefndu um að þeir muni halda uppi vörnum í málinu:

Stefndu skulu tilkynna Landsrétti eigi síðar en *10.08.2018* 2018, hvort þeir muni halda uppi vörnum í málinu. Berist slík tilkynning ekki á réttum tíma er litið svo á að stefndu krefjist staðfestingar héraðsdóms og verður málið þá dómtekið samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eftir atvikum að liðnum fresti sem áfrýjendum kann að verða veittur til að ljúka gagnaöflun, og dæmt á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Áfrýjunarstefnu þessa verður að birta eigi síðar en viku áður en framangreindur frestur til handa stefndu er á enda.

Til staðfestu er innsigli Landsréttar og nafn skrifstofustjóra réttarins.

Kópavogur
Reykjavík, *24* ágúst 2018
F.h. Landsréttar TT


Gjald kr. 50.000,-
Greitt.

Ég undirritaður mun fyrir hönd stefnda Hafnarfjarðarkaupstaðar flytja mál þetta fyrir Landsrétti, halda uppi vörnum og skila til réttarins tilkynningu þeirri, sem mælt er fyrir um í áfrýjunarstefnunni. Samrit af stefnunni hefur verið afhent mér samtímis því að ég árita hana til staðfestingar á því að hún hefur verið birt mér fyrir hönd stefndu. Birtingarvottorð þetta er áritað á frumrit stefnunnar.

Reykjavík, *31* ágúst 2018


Ég undirritaður mun fyrir hönd stefnda Gunnars Hjaltalins flytja mál þetta fyrir Landsrétti, halda uppi vörnum og skila til réttarins tilkynningu þeirri, sem mælt er fyrir um í áfrýjunarstefnunni. Samrit af stefnunni hefur verið afhent mér samtímis því að ég árita hana til staðfestingar á því að hún hefur verið birt mér fyrir hönd stefndu. Birtingarvottorð þetta er áritað á frumrit stefnunnar.

Reykjavík, ágúst 2018